

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi eitt ár.
 Ákærði greiði:

1. Sveini Aðalsteinssyni kr. 203.00.
2. Heiðari Reykdalssyni kr. 296.00.
3. Efnagerðinni Val kr. 2.113.65.
4. Katli Ólafssyni kr. 207.00.
5. Eggert Kristjánssyni & Co. h/f kr. 2.276.00.
6. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins kr. 10.781.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 28/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, greiði

kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 19. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 632/1968: Ákærvaldið gegn Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 10. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 6. janúar 1967, höfðað á hendur Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni, Réttarholtsvegi 63 í Reykjavík, fæddum þar í borg 1. febrúar 1944, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 31. júlí 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 2441 frá Félagsheimilinu að Brautartungu í Lundareykjadal vestur dalinn, þar til bifreiðin fór út af veginum vegna bilunar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 1400 31. júlí 1966 tilkynnti ákærði í máli þessu, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, lögreglunni í Borgarnesi símleiðis frá Bifröst í Borgarfirði, að hann hefði þá náttina á undan ekið bifreiðinni G 2441 út af veginum í Lundareykjadal skammt frá Brautartungu. Kl. 2100—2200 samdægurs hafði lögreglan tal af ákærða að Bifröst. Að mati lögreglu var ákærði þá undir áhrifum áfengis. Úr varð, að lögreglan færði ákærða til Borgarness í blóðtöku til alkóhólákvörðunar. Í blóði ákærða, er honum var tekið 1. ágúst 1966 kl. 0120, fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.60% af alkóhóli. Að blóðtöku lokinni var ákærði færður í varðhald. Hinn 1. ágúst 1966 kom ákærði fyrir sakadóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þar skýrði ákærði svo frá, að hann hefði neytt áfengis laugardagskvöldið 30. júlí 1966 allt fram til kl. 2300, en um kvöldið hafi hann neytt alls 6 drykkja af áfengisblöndu. Í framhaldi af þessu kveðst ákærði hafa aðfaranótt sunnu-

dagsins næsta á eftir ekið bifreiðinni G 2441 vestur Lundareykjadal áleiðis til Borgarness, en vegna bilunar á bifreiðinni hafi bifreiðin lent út af veginum í Lundareykjadal. Fyrir dóminum viðurkenndi ákærði að hafa verið undir áhrifum áfengis við framangreindan akstur.

Að beiðni skipaðs verjanda ákærða kom ákærði á ný fyrir dóm hinn 24. nóvember 1967. Ákærði dró þá til baka fyrri játningar sínar og taldi sig hafa verið allsgáðan við umræddan akstur. Ákærði bar það þá fyrir sig, að hann hefði verið illa fyrir kallaður fyrir dómi 1. ágúst 1966.

Upplýst er í málinu, að ákærði var að koma af dansleik í Brautartungu, er hann ók bifreiðinni G 2441. Ákærði var með tveim félögum sínum á dansleiknum. Neyttu þeir þar báðir áfengis. Annar félagi ákærða, Pétur Kristinsson, Snorrabraut 22 hér í borg, var kærður af lögreglu og síðar ákærður fyrir að hafa ekið bifreiðinni G 2441 undir áhrifum áfengis um bifreiðastaði við félagsheimilið að Brautartungu í greint sinn.

Vitni, er kom að bifreiðinni G 2441 strax eftir út af aksturinn og ók ákærða þaðan að Bifröst í Borgarfirði ásamt öðrum félaga ákærða, sá ekki áfengisáhrif á þeim félögum, enda athugaði vitnið það atriði ekki sérstaklega.

Hefur nú verið rakið það helzta, er fram kom við rannsókn málsins.

Augljóst er, að niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar í máli þessu hefur ekki þýðingu við ákvörðun sektar eða sýknu ákærða, enda fór blóðtaka ákærða fram tæpum sólarhring eftir akstur hans, en á þeim tíma kveðst ákærði hafa neytt áfengis, og verður framburður hans um það efni eigi hrakinn. Á hinn bóginn verður að telja sannað í málinu með játningu ákærða sjálfs fyrir dómi hinn 1. ágúst 1966, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni G 2441 um Lundareykjadal aðfaranótt 31. júlí 1966. Þykir síðara afturhvarf ákærða frá frumframburði í dómi ekki geta breytt sönnunarmati dómsins í þessu efni.

Með framferði því, er nú hefur verið rakið og sannað hefur verið talið, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærði hefur tvívegis undirgengizt litlar sektir fyrir umferðarbrott. Þá hefur ákærði hinn 1. marz 1968 undirgengizt dómssátt, 4.000 kr. sekt og sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði, fyrir brott á áfengis- og umferðarlögum, ölvun við akstur.

Samkvæmt síðastnefndri dómssátt og sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður ákærða í máli þessu dæmdur hegningarauki, og verða viðurlög hans ákvörðuð í samræmi við það.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Í ákæru er þess krafizt, að ákærði verði sviptur ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svo sem mál þetta er vaxið og að öðru leyti með vísan til þess, er rakið hefur verið hér að framan, þykir mega ákveða, að ákærða verði eigi gerð ökuréttindasvipting í dómi þessum.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
